

Ed.

471. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi (þingskj. 389).

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefndin hefir athugað ofangreinda tillögu og leyfir sjer hjer með að leggja fram álit sitt um hana.

Tillagan byggist á brjefi, dags. 29. maí þ. á., frá Sigurjóni kaupmanni Þjeturssyni til fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis, þar sem hann fer fram á það, fyrir hönd sjálfs sin og meðeigenda sinna að verksmiðjunni á Álafossi, að Alþingi vildi veita að láni úr landssjóði fjárupphæð þá, sem tillagan nefnir, til þess að endurbæta og fullkomna nefnda verksmiðju. Gerir hann í tjeðu brjefi ráð fyrir því, að láninu yrði varið á þessa leið:

1. Til þess að kaupa nýjar vjelar til ullariðnaðar kr. 40000.00
2. Til kaupa á nýjum vjelum til þess að búa til nærföt og sokkaföt — 15000.00
3. Til kaupa á vjelum til þorskanetagerðar — 25000.00
4. Til ýmsra óhjákvæmilegra mannvirkja — 20000.00

Samtals kr. 100000.00

Nefndin kannast nú að visu við það, að það geti orkað tvímælis, hvort rjett væri undir venjulegum kringumstæðum að veita áminsta upphæð að láni úr landssjóði í þessu skyni, þar eð hann hefir vitanlega jafnan nóg við alt handbært fje sitt að gera. En eins og nú standa sakir telur nefndin alt öðru máli að gegna. Nú eru horfurnar þannig, að telja má sjerstaklega nauðsynlegt að styrkja, eftir því sem unt er, slikan iðnað sem verksmiðja þessi hefir með höndum. Það getur tæplega talist forsvaranlegt, ef annars er úrkostar, að selja mestalla ullina óunna út úr landinu við hinu tiltölulega lága verði, sem nú er á henni, en kaupa í þess stað aftur frá útlöndum fyrir geypihátt verð megnið af öllum þeim fatnaði, er landsmenn þarfnast, venjulega úr verra eða haldminna efni heldur en ef nægileg áhöld væru til þess að vinna úr því innlenda ódýra efni, sem er fyrir hendi.

Með þetta fyrir augum telur nefndin, að málið horfi öðruvisi við en ella. Hún telur að það megi skoða sem nokkurskonar bjargráð að efla svo sem unt er þann iðnað, sem hjer er um að ræða. Og þar sem tillagan á þingskjali 389 miðar í þá átt, án þess þó, að álitu fjárveitinganefndar, að iþyngja landssjóði um of, þá vill hún ljá tillögunni stuðning sinn, og það því fremur sem ætla má, að iðnaðarfyrirtæki þessu sje engin hætta búin í framtíðinni vegna hins tiltölulega ódýra afls (vatnsaflsins), sem það er rekið með.

Að því er snertir trygginguna fyrir láni þessu telur nefndin, að deildin geti látið sjer nægja, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni, að fela stjórninni umsjón með því, að hún verði svo góð og gild, sem frekast eru tök á. Treystir nefndin stjórninni til að gæta þess, að landssjóður eignist óskertan veðrjett í

þeim umbótum og aukningu, sem gert er ráð fyrir að verksmiðjan fái, og að eigendur leggi auk þess fram aðrar frekari tryggingar, svo að eigi þurfi að óttast nokkra hættu á því, að landssjóður biði tjón af lánveitingu þessari.

Alþingi, 7. júlí 1918.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
ritari.

Karl Einarsson.

Hjörtur Snorrason.

M. J. Kristjánsson.